

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

Ársreikningur 2020

Skipholti 50B
105 Reykjavík

Kt. 430403-3110

Efnisyfirlit

Áritun óháðs endurskoðanda	1
Áritun og skýrsla stjórnar	3
Rekstrarreikningur	4
Efnahagsreikningur	5
Skýringar	6

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar og hluthafa í Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf.

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. fyrir árið 2020. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning þann 31. desember 2020, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2020 og efnahag þess 31. desember 2020, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Óhæði

Við erum óháð Fræðslumiðstöð atvinnulífsins ehf. í samræmi við alþjóðlegar siðareglur fyrir endurskoðendur (IESBA Code) og viðeigandi settar siðareglur á Íslandi og höfum uppfyllt önnur ákvæði þeirra.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að meta rekstrarhæfi Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. og eftir því sem við á, skýra frá þeim atriðum sem varða rekstrarhæfið og notkun forsendunnar um áframhaldandi rekstrarhæfi, nema ætlunin sé að leysa upp fyrirtækið eða hætta starfsemi þess, eða ef enginn annar raunhæfur valkostur er í stöðunni.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar. Nægjanleg vissu er mikil vissu, en ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær, einar og sér eða samanlagðar, gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins.

Áritun óháðs endurskoðanda

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggjum við á faglegri dómgreind og beitum ávallt faglegri tortryggni. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- * Við greinum og metum hættur á verulegum skekkjum í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- * Við öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- * Við metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- * Við ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun okkar. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi félagsins.
- * Við metum í heild sinni hvort framsetning og uppbygging ársreikningsins, þ.m.t. innihald og skýringar, gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem koma upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti sem fram koma við endurskoðunina, eftir því sem við á.

Skýrsla um innihald skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita samkvæmt lögum um ársreikninga og ekki koma fram í skýringum.

Reykjavík, 19. apríl 2021

Ingunn H. Hauksdóttir
löggiltur endurskoðandi

Ernst & Young ehf.
Borgartúni 30
105 Reykjavík

Áritun og skýrsla stjórnar

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Aðalstarfsemi félagsins er menntun og fræðsla fyrir fólk á vinnumarkaði. Fjöldi ársverka voru 15,8.

Samkvæmt rekstrarreikningi félagsins var rekstrartap ársins 2020 kr. 909.275. Hrein eign félagsins í árslok nam kr. 29.312.104. Ráðstöfun á afkomu ársins og aðrar eiginfjárbreytingar koma fram í skýringu um eigið fé í ársreikningnum.

Áhrif COVID-19 faraldurs á íslenskt efnahagslíf og fjármálamarkaði eru víðtæk og mikil óvissa ríkir um framhaldið. Ekki er fyrir séð um áhrif faraldursins á starfsemi félagsins en að mati stjórnar hafa ekki komið fram vísbendingar við undirritun ársreiknings þess efnis að vafi kunni að leika á rekstrarhæfi félagsins.

Hluthafar í upphafi og lok árs voru fimm:

Samtök atvinnulífsins	40%
Alþýðusamband Íslands	40%
Bandalag starfsmanna ríkis og bæja	10%
Samband íslenskra sveitarfélaga	5%
Ríkissjóður Íslands (Fjármálaráðuneytið)	5%

Stjórn Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins ehf. og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2020 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. apríl 2021

Stjórn:

Karl Rúnar Þórsson

Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir

Anna Gunnhildur Ólafsdóttir

Eyrún Björk Valsdóttir

Gunnur Líf Gunnarsdóttir

Margrét Sigurðardóttir

Stefán Karl Snorrason

Framkvæmdastjóri:

Sigríður Guðmundsdóttir

Rekstrarreikningur 2020

Rekstrartekjur	Skýr.	2020	2019
Framlag ríkissjóðs		135.000.000	134.600.000
Verkefnatekjur	8	113.686.540	133.082.081
		<u>248.686.540</u>	<u>267.682.081</u>
Rekstrargjöld			
Verkefnakostnaður	9	88.943.169	108.219.097
Laun og launatengd gjöld	3	127.885.762	116.675.862
Annar rekstrarkostnaður	11	37.983.834	38.854.920
Afskriftir		311.951	2.148.973
		<u>255.124.716</u>	<u>265.898.852</u>
		Rekstrarhagnaður (-tap)	1.783.229
		(6.438.177)	
Fjáreignatekjur og fjármagnsgjöld			
Vaxtatekjur		555.158	2.767.510
Vaxtagjöld		(643)	(9.210)
Gengismunur		5.096.523	373.429
Fjármagnstekjuskattur		(122.136)	(606.817)
		<u>5.528.902</u>	<u>2.524.912</u>
		Rekstrarafgangur (rekstartap) ársins	4.308.141
	5	<u>(909.275)</u>	<u></u>

Efnahagsreikningur

Eignir

	Skýr.	2020	2019
Fastafjármunir			
Varanlegir rekstrarfjármunir	4	708.657	1.020.608
Fastafjármunir samtals		<u>708.657</u>	<u>1.020.608</u>
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		2.547.759	8.951.278
Handbært fé		93.271.453	92.564.223
Veltufjármunir samtals		<u>95.819.212</u>	<u>101.515.501</u>
Eignir samtals		<u><u>96.527.869</u></u>	<u><u>102.536.109</u></u>

31. desember 2020

Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2020	2019
Eigið fé			
Hlutafé		625.000	625.000
Óráðstafað eigið fé		28.687.104	29.596.379
Eigið fé samtals	5	<u>29.312.104</u>	<u>30.221.379</u>
Skuldir			
Skammtímaskuldir			
Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna	12	42.744.411	46.792.400
Aðrar skammtímaskuldir	13	24.471.354	25.522.330
Skammtímaskuldir samtals		<u>67.215.765</u>	<u>72.314.730</u>
Skuldir samtals		<u>67.215.765</u>	<u>72.314.730</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>96.527.869</u></u>	<u><u>102.536.109</u></u>

Skýringar

1. Upplýsingar um félagið

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins er einkahlutafélag og er megin starfsemi félagsins fólgin í menntun og fræðslu fyrir fólk á vinnumarkaði. Lögheimili félagsins er að Skipholti 50B, 105 Reykjavík.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Stjórnendur fyrirtækisins hafa metið rekstrarhæfi þess og telja að fyrirtækið hafi grundvöll til áframhaldandi starfsemi. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Hann er í íslenskum krónum og allar fjárhæðir eru sýndar í heilum krónum nema þar sem annað er tilgreint.

Matsaðferðir

Stjórnendur þurfa að meta og taka sértækar ákvarðanir er varða mikilvæga liði ársreikningsins og vegna eðlis síns eru háðir mati hverju sinni. Matsaðferðirnar eiga sér stöð í góðri reikningsskilavenju. Raunveruleg verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir, geta við sölu eða aðra ráðstöfun, reynst önnur en niðurstaða samkvæmt matinu.

Gengismunur

Færslur í erlendum gjaldmiðlum eru í upphafi færðar á gengi viðskiptadagsins. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á síðasta skráða gengi í árslok. Gengismunur sem myndast vegna þessa er færður í rekstrarreikning.

Gengi í árslok:

	<u>31.12.2020</u>	<u>31.12.2019</u>
EUR	156,10	135,45
DKK	20,98	18,13

Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum og virðisrýrnun ef hún er til staðar. Endurbætur eru eignfærðar ef líklegt er að þær skili félaginu framtíðarhagnaði og hægt er að meta kostnaðinn á áreiðanlegan hátt. Allur viðhaldskostnaður er gjaldfærður í rekstrarreikning þegar til hans er stofnað. Afskriftir eru miðaðar við áætlaðan nýtingartíma einstakra varanlegra rekstrarfjármuna og reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af stofnverði, að frádregnu áætluðu hrakvirði.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar samkvæmt upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar út úr bókum félagsins.

Skýringar

Handbært fé

Til handbærs fjár teljast bankainnstæður.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á upphaflegu viðskiptaverði að teknu tilliti til gengisbreytinga.

Tekjur

Tekjur eru færðar þegar verulegar líkur eru á að fjárhagslegur ávinningur þeirra renni til fyrirtækisins og þegar hægt er að meta þær með áreiðanlegum hætti.

Verkefnatekjur

Tekjur og gjöld eru færð í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu hvers verksamnings, ef hægt er að meta verkstöðu með áreiðanlegum hætti. Félagið notar áfangainnlausn tekna til að ákvarða hversu stóran hluta af heildartekjum skal færa á hverju tímabili. Framvinda verksins er metin með hliðsjón af hlutfalli áfallins kostnaðar af heildarkostnaði hvers samnings á reikningsskiladegi.

Vaxtatekjur eru færðar í rekstrarreikning þegar þær falla til.

Tekjuskattur

Félagið er framtalsskylt, en ekki skattskylt, og kemur því ekki til álagningar tekjuskatts.

3. Laun og launatengd gjöld

	2020	2019
Laun	140.584.121	144.666.016
Hlutdeild verkefna í launum FA	(55.633.797)	(73.989.140)
Ökutækjastyrkur	10.834.499	11.692.252
Mótframlag í lífeyrissjóð	18.978.866	19.529.923
Sjúkra-, orlofs-, og endurmenntunarsjóður	2.580.520	2.649.660
Áunnið orlof	(278.695)	518.516
Tryggingagjald	10.820.248	11.608.635
Laun og launatengd gjöld alls	<u>127.885.762</u>	<u>116.675.862</u>

Fjöldi ársverka var 15,8 en 16,8 árið áður.

Skýringar

4. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Áhöld og tæki
Stofnverð 1/1	3.599.648
Afskrifað alls 1/1	(2.579.040)
Bókfært verð 1/1	1.020.608
Afskrifað á árinu	(311.951)
Bókfært verð 31/12	708.657
Stofnverð alls 31/12	3.599.648
Afskrifað alls 31/12	(2.890.991)
Bókfært verð 31/12	708.657
Afskriftarhlutföll	33%

5. Eigið fé

Hlutfé félagsins nam kr. 625.000 í árslok. Eitt atkvæði fylgir hverjum einnar krónu hlut í félaginu.

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	Hlutfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1/1	625.000	29.596.379	30.221.379
Rekstrartap ársins.....		(909.275)	(909.275)
Eigið fé 31/12	625.000	28.687.104	29.312.104

6. Leigusamningar

Félagið hefur gert tímabundinn húsaleigusamning til 31. desember 2025. Gjaldfærð leigugreiðsla vegna desembermánaðar var tæp 900 þús.kr. Leigufjárhæðin tekur breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar.

7. Atburðir eftir reikningsskiladag

Engin atriði hafa komið fram eftir dagsetningu efnahagsreiknings sem krefjast myndu lagfæringa eða breytinga á ársreikningi ársins 2020.

Skýringar

	2020	2019
8. Verkefnatekjur		
Career Change - Norplus.....	500	55.437
EA-Pro.....	0	298.373
Enterprised.....	10.477.406	6.912.898
EQM.....	4.389.639	1.631.020
Erasmus starfsþróun.....	0	186.230
Hæfnisetur ferðapjónustunnar.....	53.685.273	60.738.510
Norræn net.....	9.134.150	7.862.175
NVL Ísland.....	2.855.967	6.725.197
Næsta skref.....	19.798.350	12.226.391
Raunfærnimat í atvinnulífinu.....	1.901.622	16.517.026
Sértekjur.....	10.088.514	7.935.700
VISKA.....	1.355.119	11.993.124
	<u>113.686.540</u>	<u>133.082.081</u>
9. Verkefnakostnaður		
EQM.....	2.692.366	1.631.020
Erasmus starfsþróun.....	0	186.230
Career Change.....	500	55.437
Hæfnisetur ferðapjónustunnar, (skýr. 10).....	53.685.273	60.738.510
Enterprised.....	7.619.384	6.912.898
Norræn net.....	0	97.211
NVL Ísland.....	1.890.555	6.861.250
Næsta skref.....	19.798.350	12.226.391
Raunfærnimat í atvinnulífinu.....	1.901.622	16.517.026
VISKA.....	1.355.119	2.993.124
	<u>88.943.169</u>	<u>108.219.097</u>
10. Verkefnakostnaður Hæfnisetur ferðapjónustunnar		
Hlutdeild í launum.....	41.466.085	49.714.707
Annar kostnaður.....	1.201.338	2.888.613
Kynningarkostnaður.....	10.462.778	7.729.190
Ferðakostnaður.....	555.072	0
Starfsaðstaða Akureyri.....	0	406.000
	<u>53.685.273</u>	<u>60.738.510</u>

Skýringar

	2020	2019
11. Annar rekstrarkostnaður		
Húsaleiga.....	10.444.449	10.155.986
Rekstur og breytingar húsnæðis.....	2.727.544	4.158.722
Gjaldfærð áhöld og tæki.....	85.528	238.234
Sími og internet.....	876.195	1.029.960
Burðargjöld.....	38.143	73.745
Pappír, prentun og ritföng.....	1.087.477	1.203.387
Bækur, blöð og tímarit.....	2.135.000	0
Auglýsingar og styrkir.....	1.603.006	2.306.445
Rekstur og innkaup tölvubúnaðar.....	4.279.882	4.080.347
Rekstur nemendabókhalds.....	4.820.276	4.485.928
Endurskoðun og reikningsleg aðstoð.....	3.544.587	3.364.787
Sérfræðiþjónusta.....	1.883.001	219.851
Félags- og aðildargjöld.....	151.967	60.000
Ferðakostnaður.....	455.955	3.645.196
Fundakostnaður.....	362.737	410.995
Rekstur kaffistofu.....	1.500.869	2.292.032
Annar starfsmannakostnaður.....	1.840.916	837.105
Afskrifaðar tapaðar kröfur.....	(31.809)	0
Ýmis annar kostnaður.....	178.111	292.199
	37.983.834	38.854.920
12. Fyrirframinnheimtar tekjur vegna verkefna		
Career Change.....	575.493	575.993
Com(m) - online.....	750.696	0
Enterprised.....	3.725.042	2.872.091
EQM.....	6.766.017	6.891.656
Hæfnisetur ferðaþjónustunar.....	5.932.110	2.654.883
NOVA.....	6.302.600	0
NVL Ísland.....	6.261.625	1.201.643
Næsta skref.....	12.430.828	32.229.178
Raunfærnimat í atvinnulífínu.....	0	366.956
	42.744.411	46.792.400
13. Aðrar skammtímaskuldir		
Lánadrottnar.....	2.634.796	2.943.757
Ógr. kreditkort.....	46.787	780.754
Starfsmannasjóður.....	439.386	431.918
Ógr. lífeyrissjóðsiðgjöld.....	2.413.530	2.377.177
Ógr. stéttarfélagsgjöld.....	287.733	283.306
Ógr. skattar starfsmanna.....	3.337.993	3.248.551
Ógr. opinber gjöld.....	144.222	0
Ógr. tryggingagjald.....	881.962	893.227
Áunnið orlof starfsmanna.....	14.284.945	14.563.640
	24.471.354	25.522.330